

3. gr. 50  
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. 17. maí  
des. 1945.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

51

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. 17. maí

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.  
2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarfrankvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.

2. gr.  
Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

52

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarfélags fyrir fiskiskip. 17. maí

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1½ milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.

17. maí

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af váttryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

17. maí

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32  
23. júní 1932, um brúargerðir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Í A. I. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi þessir nýir liðir:

## Undir a. Vesturland.

1. Á eftir 1. lið: Laxá hjá Möðruvöllum í Kjós.
2. — — 8. — Litla Þverá í Þverárhlið í Mýrasýslu.
3. — — 15. — Setbergsá á Skógarströnd.
4. — — 20. — Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dalasýslu.
5. — — 28. — Fagradalsá á Skarðsströnd.
6. — — 37. — Eyrará við Kollafjörð.
7. — — 37. — Múlaá við Kollafjörð.
8. — — 37. — Fjarðarhornsa við Kollafjörð.
9. — — 42. — Raknadalsá við Patreksfjörð.
10. — — 42. — Sauðlauksdalsá við Patreksfjörð.
11. — — 43. — Hvesta við Arnarfjörð.
12. — — 43. — Otrardalsá við Arnarfjörð.
13. — — 43. — Fossá við Arnarfjörð.
14. — — 50. — Múlaá við Ísafjörð.
15. — — 50. — Gjörvidalsá við Ísafjörð.
16. — — 50. — Ísafjarðará í Ísafjarðarbotni.
17. — — 50. — Botnsá við Mjóafjörð.
18. — — 50. — Heydalsá við Mjóafjörð.
19. — — 57. — Broddaá við Kollafjörð.
20. — — 57. — Ennisá í Bitru.